

VSÓ Ráðgjöf ehf
Inga Dagmar Karlsdóttir
Borgartúni 20
105 Reykjavík

2006100016
2300; 9310

Reykjavík, 8. nóvember 2006
/--

Efni: Breytingar á staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns og lagning vegar í Svartsengi, Grindavíkurbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis VSÓ ráðgjafar fyrir hönd Hitaveitu Suðurnesja dags. 5. október 2006 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar breytingar á framkvæmdum í Svartsengi, Grindavíkurbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 10c og 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Grindavík með bréfi dags. 2. nóvember 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 27. október 2006. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 27. október 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða breytingu á staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns miðað við þau áform sem komu fram í greinargerð Hitaveitu Suðurnesja vegna tilkynningar um breytingar á orkunýtingu í Svartsengi sem Skipulagsstofnun tók ákvörðun um þann 6. maí 2005. Nýir bygginagarreitir verða á þegar röskuðum svæðum. Auk þess er fyrirhuguð lagning 6 m breiðs og 420 m langs vegar milli orkuveranna og Bláa lónsins og verður um endurbyggingu núverandi vegslóða að ræða á rúmlega 200 m kafla en lagður nýr vegur á um 190 m kafla. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nýr vegur muni á um 100 m kafla liggja um óraskað hraunasvæði. Gert sé ráð fyrir að allt burðarefni í veginn, um 1200 m³, komi úr grunni fyrirhugaðs orkuvers og kæliturns. Fram kemur að dregið verði eins og kostur er úr raski á hrauni og gróðri með því að draga úr skeringum og fyllingum og við uppgræðslu verði notaðar gróðurtegundir sem falli að umhverfinu. Fram kemur að tilgangur breytinga á staðsetningu orkuvers og kæliturns byggi á rekstrarlegum forsendum en lagning vegar sé fyrirhuguð til að koma túrbínu að orkuverinu auk þess sem hann verði nýttur við rekstur setlónanna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Grindavíkurbæjar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að breytt staðsetning orkuvers og kæliturns muni ekki hafa í för með sér meiri umhverfisáhrif en upphafleg staðsetning, enda innan athafnasvæðis Hitaveitu Suðurnesja og á svæðum sem nú þegar sé búið að raska. Fyrirhugaður vegur liggir að hluta til um óhreyft hraunasvæði en að teknu tilliti til umfangs vegaf framkvæmdarinnar séu ekki líkur á að hún valdi umtalsverðum áhrifum á jarðmyndanir eða gróður. Umhverfisstofnun bendir á að í gögnum framkvæmdaraðila hafi verið afmörkuð svæði í hrauninu sem hlífa skuli við raski og telur stofnunin að tryggja verði að þau hraunasvæði sem verndi eigi fyrir raski haldist óröskuð meðan á framkvæmdum standi, t.d. með því að þau verði afmörkuð eða afgirt sérstaklega á vettvangi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hitaveita Suðurnesja muni sjá til þess að afmarka hraunasvæði og viðkvæman gróður sem vernda eigi fyrir raski. Athafnasvæðin verði afgirt með flaglínu og verktakar upplýstir um þær kvaðir sem gildi á framkvæmdasvæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingu á staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns og lagningu um 400 m langs vegar innan orkuvinnslusvæðisins í Svartsengi, Grindavíkurbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10c og 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að ný staðsetning orkuvers og kæliturns verður á þegar röskuðu svæði innan orkuvinnslusvæðis þar sem fyrri eru ýmis mannvirki. Skipulagsstofnun telur þannig að áhrif fyrirhugaðra bygginga á ásýnd svæðisins verði óveruleg. Þá telur stofnunin að með hliðsjón af því að um er að ræða veglagningu á stuttum kafla um óraskað hraun verði áhrif á hraunið og gróður þess ekki veruleg að því tilskyldu að hrauninu utan vegstæðis verði ekki raskað. Skipulagsstofnun tekur undir þau áform framkvæmdaraðila um að afmarka og afgirða ósnortin hraunasvæði til að koma í veg fyrir að þau raskist við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Hitaveitu Suðurnesja við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á staðsetningu orkuvers 6 og kæliturns og lagningu vegar í Svartsengi, Grindavíkurbæ séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar byggingar- og framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan skilgreinds iðnaðarsvæðis skv. Aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 en eru ekki í samræmi við Deiliskipulag Svartsengis og kalla á breytingu á því áður en leyfi eru veitt.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 11. desember 2006.

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Grinavíkurbær, Umhverfisstofnun